

-Arfabót-

Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri,
V-Skaftafellssýslu. Skáli, eldhús, klefi og bæjarstæði
Skýrsla V



Forsíðumyndin sýnir dyrnar inn í eldhúsið og ofninn gegnt dyrunum. (Horft mót N. Stafr. myndir nr. 91. Ljósmynd. BFE 2020).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Janúar 2021

Formáli

Fimmta sumar rannsókna í Arfabót hófst mánudaginn þann 1. júlí síðastliðinn og stóð yfir í 11 vinnudaga. Helsta markmið rannsókna er sem fyrr að grafa fram síðasta skeið bæjarins og hafa hann til sýnis þeim sem áhuga hafa á að skoða slíkan bæ.

Eins og síðastliðin sumur fór mikill tími í að grafa í burtu sand, bæði innan úr rústunum og utan við þær til að búa í haginn fyrir komandi sumur. Lítil vélgrafa var notuð til að grafa upp úr skálanum og eldhúsinu auk þess sem hún var notuð til að leita fleiri rústa á bæjarstæðinu. Óflug traktorsgrafa var einnig notuð til að fjarlægja sandhaugana eftir okkur í burtu frá rannsóknarsvæðinu. Ekki tókst að fjarlægja allan sand, en stefnt er að því næsta sumar.

Styrktaraðilar rannsókna voru Fornminjasjóður og Skógasafn, en Skógasafn lagði auk þess til einn starfsmann. Dr. Ólafur Eggertsson sá um viðargreiningar.

Auk undirritaðs tóku þau Guðrún Helga Jónsdóttir, Sigurður Snæbjörn Stefánsson og Svavar Nielsson fornleifafræðingar, Almar Smári Óskarsson og Anna S. Ingófsdóttir fornleifafræðinemar þátt í rannsóknunum auk Þorgeirs Eiríkssonar aðstoðarmanns, en hann sá m.a. um að stýra vélgröfunni. Allur aðbúnaður á vettvangi var sem fyrr og hefur verið lýst áður. Öllum styrktaraðilum og starfsmönnum, færi ég mínar bestu þakkir.

Á staðnum var tjald sett upp, sem þjónaði þeim eina tilgangi að verja tölvur og tæki (og leyfishafann), en að öðru leyti þurftu þátttakendur að vera útivið eða inni í bílum á meðan á rannsóknin fór fram.

Forsögu rannsókna og staðháttum hefur verið lýst í fyrri skýrslum.

Veður var frekar milt framan af, en frekar votviðra- og vindasamt megnið af tímanum.

Rannsóknin

Gamla hnitakerfið var endurstíllt og fært til norðurs og yfir viðfangsefni sumarsins, en það var að kanna næstu rúst austur af stofunni (Hús D). Húsin fengu auðkenni sín síðastliðið sumar eða E–G. Var stefnt að því að komast niður á gólf í öllum þessum þremur húsum og það gekk eftir. Hús E, klefinn, var nær fullrannsakaður og sömu sögu er að segja um hús G, eldhúsið. Rannsókn á húsi F, skálanum er skammt á veg komin, enda húsið stórt og mjög óreiðukennt og bendir ýmislegt til þess að sitthvað hafi gengið á í lok tilvistarinnar.


Sami hæðarpunktur var notaður áfram, en hann er við X 400 Y 430 og var sem áður 9,02 m.y.s.

Mokað var ofan af rústunum til að freista þess að finna útlínur þeirra og síðan grafið lítillega innan úr þeim og snerta ekki veggj né mannvistarlög.

Í lok rannsóknartímans var þess freistað að finna fleiri hús norðan megin við fjósið, heygardinn og skemmuna, en í ljós kom að engin hús finnast þar þrátt fyrir sterkar vísbendingar (þakhellur) hafi verið þar að finna. Eins var



Mynd 1. Yfirlit yfir allan bæinn nema kirkjuna sem er niðri til vinsri rétt utan við myndina. (N vísar upp. Stafrænar myndir nr. 68. Ljós. BFE).



Mynd 2. Flatarteikning af Arfabót með helstu mannvirkjun. Sumarið 2020 voru Hús E–G rannsókuð. Norðan við D er mjög líklega gömul tótt sem torfi hefur verið kastað í. Endimörk austurhlutans að NA verður, hafa ekki verið staðfest endanlega.

leitað austast á hólnum en þar komu vísbendingar um garða í slæmu ástandi. Haldið verður áfram að leita næsta sumar.

Ljóst er að fleiri hús eru ekki áföst bæjarhúsunum.

Teknar voru stafrænar myndir eftir því sem rannsókninni vatt fram og sömuleiðis voru drónamyndir (kyrra- og hreifmyndir) teknar með reglubundnu millibili. Til að hægt sé að leiðrétta þá litlu bjögun sem linsan í drónanum veldur, voru settir út gulmálaðir krossar á völdum stöðum á rústunum.

Byrjað var á öllum þremur húsunum samtímis, klefanum (E), skálanum (F) og eldhúsinu (G).

Nú verður hverju húsi fyrir sig lýst eins og staðan er nú. Húsum A - D hefur verið lýst í fyrri skýrslum. Sérstaklega er bent á að hús D, stofan, var

fallið áður en bærinn fór í eyði og verður ekki rannsakað frekar á þessu stigi málsins.

Hús E, klefi

Klefinn hefur verið byggður inn í fallna tótt rétt innan við dyrnar inn í bæjarhúsin í Arfabót. Að honum hafa legið stutt göng út úr skálanum sem hafa verið 1,6 m löng og 0,83 m breið. Öll göngin voru með grjót-hleðslu að innanverðu og voru þau hæst að sunnanverðu eða 1,16 m. Göngin voru hellulögð. Innst í þessum göngum, við brún sjálfs klefans var timburþröskuldur. Innri stærð klefans var 0,75 x 0,87 m og dýptin ekki minni en 0,67 m niður úr gólfinu (þröskuldinum) í göngunum. Mesta dýpt frá efstu steinum í V-vegg niður á botn klefans var 1,7 m. Klefinn var nær því að vera ferningslaga, en hringlaga.

Síðastliðið sumar var stærð klefans og ganga að honum talin stærri, en þá var mælt ofar í honum. Klefinn mjókkaði lítilega þegar neðar dró. Neðst í klefanum voru þrír áberandi steinar sem bendir til þess að það sé í raun botninn og að eitthvað hafi staðið ofan á þessum steinum (tunna eða kerald). Úr botnlögunum voru tekin nokkur sýni sem send voru í DNA greiningu. Einnig var eitt viðarsýni tekið sem sent var í tegundagreiningu og annaðist dr. Ólafur Eggertsson á Mógilsá greininguna eins og allar aðrar viðargreiningar frá Arfabót.

Um breidd veggjana í vestur og norður verður lítið sagt enn sem komið er, en hún hefur verið nálægt 1 m. Norðurveggurinn var þó skaddaður, en leifar hans ættu að vera til staðar neðst.

Í klefanum og göngunum inn í hann fundust sjö gripir undir sex númerum. Hnífur í vegg klefans, járnnaqli í göngunum, tveir jaxlar, kola í NV–horni klefans (sjá mynd 5), trébútur í miðjum klefanum og trépinni með boruðu gati sem gæti verið sneis eða annarskonar verkfæri (sjá mynd 24). Fannst pinninn í NV–horni klefans, ofarlega.

Húsið minnir mjög mikið á hús sem kallað var klefi í Kúabót (Gísli Gestsson 1987:44–45). Honum er lýst svo: „*Hann var hringlaga og veggir hans hlaðnir úr grjóti. Í gólfhæð búrsins var tréhringur eða gjörð, sem fyllti út í klefann, og þröskuldur var í dyrum hans. Í sáfarinu var sandur og*



Mynd 3. Klefinn í Arfabót. Búið er að fjarlægja tréþröskuldinn sem var við brún holunnar í klefanum. (N vísar upp. Stafrænar myndir nr. 73. Ljós. BFE).



Mynd 4. Flatarteikning af klefanum. Því ofar sem steinar eru því ljósari grár litur. Þröskuldur er sýndur með brúnleitu lit.

nokkuð af leir, en stafir sásins voru afar fúnir og sumir þeirra eins og skæni. Þvermál klefans var um 1,28 m. Niður á botn sásins voru 0,95 m og mátti heita að botninn væri heill, þótt meyr og ósljéttur væri. Virtist hann hafa lagað sig eftir ójöfnum undir og dældum eftir steina. Botninn var kringlóttur, 1,38 m í þvermál og aðeins úr þremur fjölum og var sú í miðið 1,47 m breið. Undir hafa líklega verið tveir okar negldir með ténöglum.“ (1987:45). Ekki er þess getið að á milli klefans og búrsins sem hann var inn úr, hafi í raun verið dyr eða stutt göng, né að framan við þær hafi aflangur stór steinn legið (þrepskjöldur?). Svo var þó tilfellið.



Mynd 5. Kolan sem fannst í klefanum. Kolasalli er á botni skálarinnar. (Fnr. 42. Ljós. BFE).

Árið 2012, þegar hin meinta kirkja í Arfabót var rannsökuð, fóru jafnframt fram rannsóknir á klefanum og fleiri húsum í Kúabót á vegum Fornleifafræðistofunnar undir stjórn Ármanns Guðmundssonar (2013).

Við þá rannsókn komu í ljós tvær hellur á rönd framan við dyrnar inn í klefann og talið að þær kynnu að vera hluti af þró (2013:9).

Ég hef áður haldið því fram að klefinn í Kúabót kunni að vera til lýsisgerðar (2005). Áður en annað kemur í ljós er það því túlkun mín að Hús E sé sömu gerðar og klefinn í Kúabót. Klefinn í Kúabót var inn af búi, en það getur vart hafa verið tilfellið í Arfabót. Klefarnir svipar nokkuð til lýsisgerðarrýmanna á Bæ í Öräfum (Bjarni F. Einarsson 2020:141 o. áfr.) og eins rýmis í Gröf í sömu sveit (Gísli Gestsson 1959:32 o. áfr.). Frekari rannsóknir munu skera úr um þetta.

Hús F, skáli


Húsið er stærsta rýmið í bæjarhúsunum sjálfum.

Húsið er 3,35 m breitt og 11,30 m langt að innanmáli eða 37,86 m². Húsið hefur verið hólfað niður í a.m.k. tvö rými og það bendir allt til þess að það hafi verið gert á síðasta skeiði bæjarins. Eystra hólfið var þá 4,30 m langt frá austurvegg að skilum. Hefur það rými verið skilgreint sem búr (F1), en fjallað verður um það síðar. Hugsanlega hefur verið þil sem afmarkað hefur skálann frá göngum úr dyrum í átt að eldhúsi. Það mun skýrast næsta sumar.

Gólfið í sjálfum skálanum, sem var 7 m langur á síðasta skeiðinu, er hnausþykkt og mjög óreglulegt. Yfir því var drullulag sem borist hefur með vatni inn í skálann og búið. Þar liggja hleðslusteinar á við og dreif og mikið af timburleifum við miðjan norðurvegginn. Virðast leifarnar einkum



Mynd 6. Yfirlit yfir skálann og klefann. Niðri sjást dyrnar út og efst eru dyrnar inn í eldhúsið. Sjá má sáförin tvö og fiskasteininn ofan við stærra sáfarið. Eins og sjá má er ekki komið niður á gólfið í vesturhlutanum, til vinstri. Búið er að jafna gólfið talsvert. (N vísar upp. Stafrænar myndir nr. 74. Skorin. Ljósm. BFE).




Mynd 7. Flatarteikning af skálanum og búrinu, auk klefans. (Sjá skýringar við mynd 1 og 6).

vera afskorningar og brot af gripum. Er gólfið mjög feitt í sér með viðarkolum, ösku og sóti. Aðeins var farið lítilega í gólfið á kafla og því ekki mörgu við þessa lýsingu að bæta að sinni. Enn á eftir að skoða vestasta hluta gólfsins, þar sem búast má við hellum á gólfi úr dyrum inn í eldhúsið og jafnvel inn á gólf skálans. Eftir minnkun hefur skálinn verið 23,45 m². Eru þá hugsanleg göng frá dyrum að eldhúsi reiknuð með.

Hæðir veggja voru mældar á miðju hvers veggjar, frá gólfi eða því sem næst, og upp. Voru þær; 1,42 á suðurvegg, 1,33 á austurvegg (í búri), 1,28 á norðurvegg og 1,36 á vesturvegg. Þessar hæðir kunna að breytast.



Mynd 8. Yfirlit yfir búið í austurhluta Húss F. Sjá má sáförin tvö og fiskasteininn fyrir miðri mynd. Efst má sjá skilrúmið á milli búrsins og skálans. Víða sér í drullulagið ofan á gólfinu. (Horft mót V. Stafrænar myndir nr. 86. Ljósm. BFE).



Mynd 9. Bronsprjónar (títuprjónar) sem fundust í skálanum. Fnr. 14. Ljósm. BFE).




Mynd 10. Hálfunnin fiskasleggja sem fannst í skálanum. Sjá má holur á báðum hliðum sem ekki ná saman. Gripurinn hefur líklega klofnað áður en götin náðu saman. Fnr. 25. Ljósm. BFE).

Dyrum í SV horni hússins var lýst í skýrslu síðasta sumars, en þær eru ekki fullrannsakaðar. Aðrar dyr (eða göng) á skálanum lágu inn í eldhúsið og svo inn í klefann eins og áður greinir.

Suðurveggurinn var 1,89 m þykkur eins og kom fram í skýrslu 2019. Norðurveggurinn var heilir 8,6 m þykkur þar sem mest var. Þykkt austurveggjar liggur ekki alveg fyrir, en gera má ráð fyrir því að hann hafi verið svipaður á þykkt og suðurveggurinn.

Í þessum hluta skálans fundust 15 gripir úr bronsi undir 10 númerum. Þar á meðal voru fimm bronsprjónar og voru tveir þeirra með kúlulaga haus. Slíkir hausar hafa t.d. fundist á Stóruborg undir Eyjafjöllum (allavega 14



Mynd 11. Brot úr bronskatli (53,9 g) úr skálanum. Hann fannst í skálanum fast upp við búrið. (Fnr. 16. Ljósm. BFE).



Mynd 12. Snældusnúður úr timbri úr skálanum (Fnr. 20. Ljósm. BFE).



Mynd 13. Kindaleggur með gati úr skálanum. Fannst hann rétt vestan við búrið, rúmi F1. (Fnr. 17. Ljósm. BFE).

stykki) og fáeinir á Bessastöðum á Álftanesi og einnig á Skriðuklaustri á Héraði (sarpur.is). Einnig fannst brot úr bronskatli, ein skinna og eitt lauf með gati. Einn bronsgripurinn var áfastur tré.

Sömuleiðis fundust átta járngrípjur, þar af ein meint hóffjöður, ein lykkja og einn nagli. Þrjár steinar sem voru kljásteyn, hálfunnin fiskasleggja og einn slípisteinn. Talsvert af beinum fannst í rýminu eða fleiri en 22 bein. Þar á meðal var bein úr smáhveli, leggjarbein úr kind með boruðu gati og hugsanlega tvö fuglabein.

Við norðurvegginn u.þ.b. fyrir miðju rýmisins var mikið af timburleifum á gólfinu. Virðast þær vera leifar af einhverri vinnslu á staðnum. Einn gripurinn var þó snældusnúður. Eftir á að grafa frekar í þetta viðarlag sem og aðra hluta gólfsins. Hleðslugrjótið sem hrúnið hafði úr veggjum lá margt hvert beint ofan á gólfinu. Það bendir til þess að annaðhvort hafi jarðskjálftar dunið yfir eða að grjótið hafi hrúnið mjög skömmu eftir að húsin voru yfirgefin. Í öðrum húsum var ekkert sem benti til þess að jarðskjálftar hafi grandað húsum og bent var á í síðustu skýrslu að skálinn væri verst farna húsið sem grafið hefur verið upp á staðnum. Það bendir því allt til þess að húsið hafi verið orðið hrörlegt þegar það var yfirgefið og

grjót hrunið fljótlega úr veggjum. Hugsanlega hefur þekjan verið tekin ofan þegar húsin voru yfirgefin.

Rými F1, búrið, var betur farið en skálinn þó það hafi verið undir sama þaki og skálinn. Eins var gólfið mun sléttara og lítið af grjóti á gólfi miðað við skálann. Voru rýmin tvö aðskilinn með röð af grjóti sem náði þvert yfir gólfið á kafla við sinn hvorn vegginn. Virtist gólfið í búrinu vera dálítið hærra en gólfið í skálanum. Stærð búrsins var 14,40 m². Er þetta í meðallagi stórt búr. T.d. var stærra búrið á Bæ í Örafum frá árinu 1362 5,61 m² (Bjarni F. Einarsson 2020:174) og búrið í Gröf¹ í sömu sveit var 20,7 m². (Gísli Gestsson 1959:28). Í Kúabót voru líklega tvö búr og hið stærra var 24,3 m². Til eru mun minni búr en búrið í Arfabót eins og búr í Fornu-Lá² í Eyrarsveit á Snæfellsnesi, en það var 3,24 m². Í Sandártungu í Þjórsárdal frá 1693 var ótúlkuð rúst (Kristján Eldjárn 1951:113), sem hér er túlkuð sem búr, 6,0 m².


Í búrinu í Arfabót voru tvö sáför. Hið minna var nálægt austurveggnum og var það 0,57 m í þvermál. Stærra sáfarið sem lá lengra til austurs í suðurhluta rýmisins var 1,44 m í þvermál. Hvorugt sáfarið var rannsakað til fulls. Í búrinu í Kúabót voru einnig tvö sáför. Hið stærra var 0,8 m í þvermál og hitt 0,6 m í þvermál (Gísli Gestsson 1987:43–43). Leifar af sá voru í þeim báðum.

NA við stærra sáfarið var fiskasteinn ofan á gólfinu. Hann var aðeins minni er fiskasteinninn í skemmuni (Húsi C). Í búrinu í Kúabót var stór steinn sem var líklega fiskasteinn.

Í búrinu í Arfabót fundust tveir gripir. Þeir voru kljásteyn og tveir jaxlar úr kind. Náttúrulegt gat var á steininum sem klappað hefur verið lítillaga í öðru megin.



Mynd 14. Kljásteyn (251,5 g) úr búrinu. Fannst rétt austan við millivegginn. (Fnr. 23. Ljós. BFE).



Mynd 15. Flatarteikning af Reyðarfelli í Borgarfirði. Túlkun rýma hefur verið endurskoðuð lítillaga. Ath. að norður visar niður.

¹ Húsið var túlkað sem skemma af Gísla Gestssyni, en er endurtúlkað hér sem búr.

² Húsið var túlkað sem hlaða af Kristjáni Eldjárn og aldursgreint til 1450-1550. Hér er húsið endurtúlkað sem búr frá 1550-1650.



Mynd 16. Yfirlit yfir eldhúsið. Sjá má dyrnar t.v., hluta skálans, ofninn t.h. og soðsteinahrúguna neðan við ofninn. Stóra hellan hægra megin við hrúguna var framan á ofninum sbr. mynd 17. Bálkurinn er neðri hluti eldhússins. (N vísar til hægri. Stafrænar myndir nr. 67, skorin. Ljósm. BFE).



Mynd 17. Norðurhlið eldhússins. Sjá má helluna framan á ofninum og soðsteina þar á bak við. Bálkurinn er á hægri hlið. (Horft mót N. Stafrænar myndir nr. 36, skorin. Ljósm. BFE).

Engin sýni voru tekin úr skálanum að þessu sinni.

Skálinn í Arfabót, og húsaskipan öll, lýkist einna mest skálanum í Reyðarfelli í Borgarfirði. Sá var 3,8 m breiður og 9 m langur eða 34,2 m² eða rúmum fimm fermetrum stærri en í Arfabót ef frá er reiknað búið í Arfabót. Innst inni í skálanum í Reyðarfelli var afþiljað rými sem túlkað var sem svefnstaður (Þorkell Grímsson 1976:570). Undirritaður er ekki

sannfærður um þessa túlkun og telur að hér gæti verið búr. Benda má á að búr (og fleiri rými) var rannsakað í Reyðarfelli sem var eldra en yngsta skeið bæjarins, en ekki gerð grein fyrir því í skýrslu. Í rýminu inn af skálanum var þró sem túlkuð var sem „*opið eldstæði*“. Reyðarfell má aldursgreina til 15. aldar.

Hús G, eldhús

Húsið gengur norður úr húsi F, beint fram af aðaldyrum híbýlanna. Innri stærð hússins er 3,83 á lengd (A–V) og 2,76 á breidd. Var það því 10,57 m² stórt. Í fyrri skýrslu voru aðeins öðru vísi tölur vegna þess að þá var mælt ofar í húsinu. Eldhúsið (rými F)³ í Kúabót er 21,17 m² og í Gröf er það 6 m².

Austur hluti hússins í Arfabót var bálkur sem var 2,14 á breidd (A–V) og 2,57 á lengd. Var botn hans hærri en gólfíð í aðalrýminu, eða 0,71 m hærri þar sem mest var. Hlið bálksins að vestanverðu var hlaðin úr einfaldri röð alla leið um 5–6 steinaraðir. Bálkurinn í Arfabót er túlkaður sem svefnstaður eins og svipað rými í eldhúsinu á Bæ. Keimlíkt eldhúsinu í Arfabót er eldhús á miðaldabýlinu Reiðarfelli í Borgarfirði (Þorkell Grímsson 1976:574). Eldhúsið í Arfabót var stærra en á Reyðarfelli, Gröf og Bæ, aðeins eldhúsið í Kúabót var stærra eða heilir 21,17 m² eins og áður greinir.

Pallar, bekkir eða bálkar voru einnig í Gröf, Bæ, Kúabót og Reyðarfelli. Sá breiðasti var um 2 m í Kúabót.

Norður veggur eldhússins var 0,5 m hár, vesturveggur 0,66 m hár, suðurveggur 0,65 m hár og 0,62 m yfir bálkinum að austanverðu. Túlka má alla þessa palla á þann veg að um svefnstaði hafi verið að ræða.

Gólfíð var samfellt í aðalrýminu og fullt af viðarkolum, ösku og sóti. Einnig voru lífrænar leifar í því.


Út úr norðurveggnum, dálítið vestan við miðju veggjarins, fast upp við bálkin, gekk eldstæði eða ofn. Hann var hann 0,5 m breiður og 1,14 m langur. Nyrst í honum var veggurinn 0,95 m hár sem þýðir að ofninn var 0,95 m djúpur eða rúmur rúmmetri að stærð. Efst í honum var mikið magn af soðsteinum sem lágu ofan á sandi og undir sandinum var viðarkolasalli.

Þykkt veggjarins austan megin við ofninn var 1,65 m.

Framan á ofninum var hella sem náði ekki niður að gólfinu. Var hún skorðuð á milli steina og þveraði allan ofninn. Sambærilegir ofnar sem byggðir eru inn í vegg eru í Gröf, Kúabót og Reyðarfelli. Ofninn í Arfabót var stærri en ofnarnir í Gröf og Reyðarfelli. Í Kúabót var ofninn 0,55 x 1,20 m stór.

Soðsteinamagnið var mun meira en t.d. í Bæ í Örfum en þar voru 30 L af soðsteinum sem höfðu legið ofan á vikri sem bendir til þess að hilla hafi verið á milli fyllingarinnar í ofninum og soðsteinanna. Svipað getur hafa verið í Arfabót. Í soðsteinahrúgunni fannst einn hugsanlegur kljásteyn með

³ Húsin í Gröf og Kúabót voru túlkað sem baðstour af Gísla Gestssyni (1987).



Mynd 18. Flatarteikning af eldhúsinu í Arfabót. Þröskuldur er sýnur með brúnum lit. (Sjá aðrar skýringar á mynd 16 og 17).

náttúrulegu gati. Var hann eldsprunginn. Í öllum bæjunum sem hér hafa verið nefndir voru soðsteinar og á öllum nema Reyðarfelli lágu þeir ofan á jarðvegi yfir kolasallanum.

Á milli skálans og eldhússins voru dyr, 1,96 m langar og 0,43–0,72 m breiðar.

Í eldhúsinu fundust samtals 12 gripir fyrir utan bein og að gripnum í ofninum meðtöldum. Beinín voru sum hver mjög mörkin, en þeim var safnað upp undir þremur númerum. Allir gripir fundust í bálkinum fyrir utan hinn meinta kljásteyn í ofninum (sjá mynd 19) og eitt bein sem fannst við norðurvegginn. Voru þetta m.a. einn meintur kljásteyn með náttúrulegu gati sem klappað hafði verið í öðru megin, (því tveir meintir kljásteynar í eldhúsinu), ein kola úr íslensku bergi (sjá mynd 20) og þrjár hóffjaðrir eða meintar hóffjaðrir.

Gólfið í eldhúsinu var 4 sm hærra en í miðjunni á dyrunum inn í eldhúsið og 13 sm hærra en gólfið í vesturhluta skálans. Botn ofnsins var 11 sm ofan við eldhúsgólfið. Þessi hækkun inn í eldhús er býsna algeng í íslenskum miðaldabæjum. Þetta veldur því að hitinn helst lengur í eldhúsunum en ella, en á móti kemur að hann dreifist þá síður um húsin. Til að bregðast við því koma soðsteinarnir við sögu og kominn tími til að gera þeim betur skil en áður hefur verið gert og jafnvel endurskoða hlutverk þeirra að vissu leyti.



Mynd 19. Eldsprunginn meintur kljásteynn sem fannst á meðal soðsteina í ofninum í eldhúsinu. (Fnr. 24. Ljósm. BFE).



Mynd 20. Kola úr íslenskum sandsteini sem fannst í svefnbálkinum í eldhúsinu. (Fnr. 2. Ljósm. BFE).

Soðsteinar eru þekkt fyrirbæri í þúsundir ára. Helsta hlutverk þeirra var að sjóða vatn eftir að hafa verið hitaðir upp í eldstæðum. Þeir voru einnig notaðir til annars og það var að hita upp híbýli. Þeir voru einskonar færanlegir hitagjafar sem bæði var hægt að flytja á milli rýma og setja undir rúm eða svefnstaði. Ekkert öruggt eldstæði hefur enn fundist í Arfabót annað en ofninn í eldhúsinu. Svipaða sögu er að segja um aðra miðaldabæi. Eldstæði finnast vart annarsstaðar en í eldhúsum, en þó eru skammtíma eldstæði líklega í stofum og skálum bæjanna. Hafa þau þá verið notuð þegar kuldinn varð mikill. Aðrir hitagjafar voru kolur og fólkið sjálft og jafnvel skepnur.

Þegar soðsteinar eru hitaðir í eldstæðum eða ofnum tapast talsverð orka við það, orka sem hefði verið hægt að nota í að sjóða vatn beint í pottum eða keröldum yfir eldinum. Í landi þar sem eldiviðarskortur var viðvarandi þegar fram liðu stundir er þetta mikilvægt. Þetta gríðarlega magn af soðsteinum í Arfabót gæti bent til þess að steinarnir hafi verið notaðir til einhvers annars en bara að sjóða vatn.

Nánar var fjallað um miðalda-eldhús í skýrslu 2019 og í bókinni *Bærinn sem hvarf í eldi og ösku 1362*. (Bjarni F. Einarsson 2020:189–196). Í bókinni er einnig fjallað um upphitun húsa og þar kemur Arfabót einnig við sögu.

Tvö sýni voru tekin úr eldhúsinu, annarsvegar viðarsýni úr sendnu yfirborðslagi og hinsvegar viðarkolasýni úr ofninum. Sýnin voru send í tegundagreiningu eins og síðar getur.

Rannsókn á eldhúsinu er nú lokið í þessari hrinu, en þó er hugsanlegt að viðarkolasýnið úr ofninum verði sent í C-14 aldursgreiningu ef til þess fæst fé.



Mynd 21. Sproti úr bronzi sem fannst í gólfi nálægt fiskasteininum í búrinu. (Fnr. 6. Ljósm. BFE).

Efni	2012	2017	2018	2019	2020	Samtal	A	B	C	D	E	F	G	Hla	Annrsstaða
Bein	-	16	9	13	11	49	8	3	19	-	-	8	3	6	2 (lausaf.)
Brons		2	4	1	10	17	2	-	4	-	-	10	-	1	-
Járn		5	9	6	17	37	4	2	8	-	2	8	8	5	-
Steinn		3	-	1	6	10	2	1	-	-	1	3	3	-	-
Tré		1	3	2	5	11	1	-	5	-	2	3	-	-	-
Flöguberg		-	1	-	-	1	-	-	-	-	-	1	-	-	-

Tafla 1 yfir efnisflokka (fundanúmer talin, en ekki fjöldi gripa undir einstöku númeri) sem fundist hafa fram að þessu. Í undantekningartilfellum eru fleiri en einn gripur skráðir saman. Ekki er tekin afstaða til vafaatriða.

Tegund	A Fjós	B Heystæði	C Skemma	D Stofa	E Klefi	F Skáli	G Eldhús	Hlað
Hnífar	1				1			
Steinar	2	1						
Kljásteinar						1	2	
Snældusnúðar						1		
Brýni			1					
Rónaglar								2
Naglar			2		1	2	2	3
Sneisar			3		1			
Bronsplötur			2			1		
Unnið tré			1					
Unnin bein			1			1		
Hóffjaðrir			1			1	3	1
Kolur					1		1	
Bronsprjónar						1		
Jármykkja						1		
Fiskasleggjur						1		
Bronsborði						1		
Bronskál						1		
Bronsskinnur						1		
Slípisteinar						1		
Tréhælar						1		

Tafla 2 yfir gripategundir í einstökum húsum, án beina. Ákveðin óvissa er með greiningar á fáeinum gripum.

Leit að fleiri húsum og mannvirkjum

Áður hafði verið talið að norðan við fjósið (Hús A) og heygardinn (B, í jarðri hólsins hafi verið rúst. Byggði sú ályktun á því að þar voru þunnar hellur á afmörkuðu svæði sem túlkaðar voru sem þakhellur og þar mótaði fyrir vegg. Nákvæmlega eins háttaði til við hina meintu kirkju, fjósið, stofuna og skálann. Þar var grafinn skurður með vélgröfunni til að staðfesta þennan grun, en ekkert fannst. Því næst var haldið austur af þesum stað, norðan við bæjarhúsin og sömu sögu var að segja þar, ekkert fannst. Þá var haldið á NA horn hólsins og leitað þar og í ljós kom illa farinn garður. Suður af honum var enn grafin hola, nánast beint austur af skálanum (F). Þar komu einnig í ljós hleðslur sem ekki verða túlkaðar að sinni. Þessi svæði verða skoðuð nánar síðar. (Sjá yfirlit yfir nefnda staði á mynd 23).

Vitað er að norðan við kirkjuna, eru mannvirki og líklega austan við hana einnig. Þetta svæði verður kannað betur næsta sumar.

Gripir

Sumarið 2020 fundust fleiri gripir í Arfabót en hin fyrri sumar eins og fram kemur við einstök hús og rými hér að framan. Stafar fjölgunin auðvitað af því að nú var grafið í híbýlum fólks þar sem fleiri gripa var að vænta. Gripafjöldinn er þó ekki sérstaklega mikill og í raun afar lítill sé miðað við Kúabót sem er skammt hjá. Ástæð-urnar eru tvennskonar. Í fyrsta lagi hefur hagsældin verið mun meiri í Kúabót sem fór í eyði í blóma, en Arfabót var komin í þrot. Í öðru lagi er enn aðeins lítilllega búið að grafa í skálann í Arfabót og fleiri gripa að vænta þegar haldið verður áfram, en þó ekki í líkingu við Kúabót.

Í Arfabót hafa nú fundist bein úr kind, fiskum, hval og hugsanlega fuglum, en nautgripabein hafa ekki fundist enn svo að öruggt sé. Fjosið sýnir þó að nautgripir voru haldnir í Arfabót. Beinir eru sum hver í slæmu ástandi, en sum ekki. Fjöldinn skiptir tugum undir 49 númerum frá upphafi rannsókna.

Fjöldi gripa úr tré, sem eru skráðir undir 11 númerum, er enn sem komið er lítill en þeim mun fjölga þegar grafið verður í trélagið í skálanum og sjálfu gólfinu. Virðist það vel haldið miðað við tré almennt. Einnig eru tunnustafir úr sá farinu í skemmum og hugsanlega eru stafir í sáförum tveim í búrinu inn af skálanum og í klefanum.

Úr brónsi fundust nú 15 gripir undir 10 númerum. Þeirra heillegastir voru tveir tituprjónarnir (sjá mynd 9), brotið úr keröldinu (sjá mynd 11) og brónssprotinn (sjá mynd 21). Sjá nánar um fjöld efnisflokka fyrir hvert ár í töflu 1 og fjölda gripa í töflu 2.

Efnisflokkarnir eru mjög fáir sé t.d. miðað við Kúabót, sem er aðeins um tvo km austur af Arfabót. Í þeim samanburði er Arfabót fátæk af gripaflokkum og gripum yfir höfuð. Enginn gripanna telst til lúxusvarnings, en næst því komast gripirnir úr brónsi. Fáir gripir eru innfluttir fyrir utan brónsið. Það eru brýnisbúturinn og hugsanlega járneið, sem þó gat hafa verið innlend framleiðsla eða smíðað úr erlendu járneið héraðs. Ef við göngum út frá því að járneið sé erlent og tökum ekki bein eða timbur með þá eru 85% gripaflokkana innflutt. Í Kúabót voru 51% innfluttir gripir. (Bjarni F. Einarsson 2020:225). Þessi samanburður gefur mjög ranga mynd af stöðunni vegna fæðar gripa og að járn, sem var nauðsyn og finnst yfirleitt í talverðu magni á öllum bæjum, er algengasti gripaflokkurinn. Það eru



Mynd 22. „Lausnarsteinninn“ úr fjösinu í Arfabót (Fnr. 2020-224. Ljós. BFE).



Mynd 23. Loftmynd af Arfabót. X sýna leitarholur þar sem leitað var að mannvirkjum. (N vísar upp. Stafr. myndir nr. 27. Ljós. BFE).

aðeins þrjú gripaflokkar sem eru innfluttir, bronsið, flögubergið (brýnið) og hugsanlega járníð.

Í fjósinu fannst áhugaverður steinn sem gæti verið svokallaður lausnarsteinn (Fnr. 2017-18). Mjög svipaður steinn fannst á Bæ í Örfum, rétt fyrir utan fjósið, á milli þess og búrsins á Bæ (Bjarni F. Einarsson 2020:224). Hann er einnig talinn geta verið lausnarsteinn. Slíka steina var gott að reiða sig á þegar konur lágu á sæng. Kannski voru þeir góðir til að hafa við höndina þegar kýr báru?

Tvær kolur úr innlendu bergi fundust nú í sumar. Önnur fannst í bálkinum í eldhúsinu og hin í klefanum. Báðar eru þær býsna litlar (sjá mynd 5 og 20). Í Kúabót fundust átta kolur, í Gröf þrjár og á Bæ níu. Algengastar voru svokallaðar skaftkolur eða tvær frá Gröf, sjö frá Kúabót og a.m.k. fjórar á Bæ. Hvorug kolanna frá Arfabót er skaftkola, en það eru kolur með skafti eða handfangi.

Viðargreiningar

Greind voru 12 tilviljunarkennd fundanúmer/sýnanúmer frá Arfabót, en í hverjum poka voru frá 1 til 15 brot af víði, samtals 46 brot og öll greind til tegunda. Árið 2017 var eitt viðarsýni greint og því hafa 47 brot frá Arfabót nú verið greind. Lang mest bar á barrvíði en til hans greindust 30 brot að sýninu frá 2017 meðtöldu sem er úr fjósinu. Bent skal á að barrviður getur eftir atvikum flokkast nánar í tegundurnar greni, furu eða lerki. Eitt brot greindist úr furu, eitt úr lerki/greni og eitt úr einir. Úr eik greindust þrjú brot, úr lerki einnig þrjú, úr birki voru þau fjögur og úr víði sömuleiðis fjögur. Eitt var brot úr rótarhnyðju og ekki greint til tegundar. Af öllum brotunum eru aðeins níu brot úr íslenskum víði (birki, víði eða einir). Þetta

gæti bent til þess að aðgengi að skógi hafi ekki verið gott eða að hann hafi einkum verið nýttur í eldsneyti og að rekaviður hafi skipt máli til að smíða gripi úr og líklega í burðarviði.

Tveir sneisar (af fimm hingað til) frá Arfabót sem voru greindur til viðartegundar eru annarsvegar úr greni og hinsvegar úr lerki/greni. Fundust þeir báðir í skemmumni. Á Bæ í Öräfum fundust 38 sneisar og voru allir úr barrvið nema einn sem var úr eini. 22 þessara sneisa fundust í stærra búrinu á Bæ. (Bjarni F. Einarsson 2020:238–39, 241). Í Gröf fundust engir sneisar og í Kúabót voru þeir allavega fjórir sem allir fundust í skálanum. Á Stóruborg undir Eyjafjöllum fundust á bilinu 80–100 stykki (Lilja Árnadóttir 2020:277–78), en þar voru fjölmargar kynslóðir húsa sem voru rannsakaðar. Sneisar finnast einkum í búrum og skemmum þar sem fólk fæst við matargerð og geymslu á mat.

Niðurlag og næstu skref

Nú er ljóst að bæjarhúsin eru línulaga með einu rými sem stendur út, en það er eldhúsið. Hugsanlega er enn eitt rýmið vestur af eldhúsinu, en það hefur hlotið sömu örlög og stofan og ekki verið í notkun á síðasta skeiði bæjarins. Vel má vera að dyr hafi verið úr eldhúsinu inn í þetta rými, en eldhúsið svo verið endurhlaðið og dyrunum lokað. Þetta bæjarform lýkist mjög Reyðarfelli í Húsafelli.

Engin önnur örugg eldstæði hafa fundist í húsunum enn sem komið er, fyrir utan ofninn í eldhúsinu. Er það sambærilegt og fæð eldstæða í Kúabót, Gröf og Bæ, allt bæir á Suðurlandi og nálægt sjó. Hugsanlega hefur lýsi þjónað bæði sem ljós- og hitagjafi.

Þrátt fyrir leit fundust ekki önnur mannvirki en garðabrotin tvö austur af bæjarhúsunum. Vitað er að mannvirki eru norðan við hina meintu kirkju og enn er ekki loku fyrir það skotið að hús leynist við NA horn hólsins.

Helsta markmið næsta sumars er að klára skálann og búrið og staðfesta fleiri hús á hólnum. Einnig verður haldið áfram að flytja sand af hólnum.



Mynd 24. Trépinni. Gæti verið sneis eða annarskonar verkfæri. Með gati. (Fnr. 46. Ljósm. BFE).

Heimildir⁴

- Ármann Guðmundsson. *Kúabót í Álftaveri. Ástandsskoðun og samanburðarrannsókn. Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.*
- Bjarni F. Einarsson. „Inn í eilífðina á augnabliki - Bær í Öræfum. *Glettingur. Tímarit um austfirsk málefni. 15. árg. 2.-3. tbl. 2005.*
- Bjarni F. Einarsson. „„Garður er granna sættir.“ Fornigarður í Vogsósum.“ *Árnesingur VII. Ritst. Gunnar Marel Hinriksson, Már Ingólfur Másson, Skúli Sæland og Þorsteinn Tryggvi Másson. Sögufélag Árnesinga. Reykjavík 2006. Bls. 205-230.*
- Bjarni F. Einarsson. *Rannsókn á meintri kirkjurúst á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.*
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skýrsla II. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.*
- Bjarni F. Einarsson (b). *Skarðssel á Landi. Fornleifarannsóknir 2016. Landsvirkjun - Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.*
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skýrsla III. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2018.*
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skemma, stofa, skáli, eldhús og klefi. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2019.*
- Bjarni F. Einarsson. *Bærinn sem hvarf í ösku og eldi 1362. Skrudda. Reykjavík 2020.*
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2008. Landsvirkjun - Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2009.*
- Búalög um verðlag og allskonar venjur í viðskiptum og búskap. Sögufélag gaf út. Reykjavík 1915.*
- Einar Ólafur Sveinsson. „Byggð á Mýrdalssandi.“ *Skírnir. Tímarit Hins ísl. bókmenntafélags CXXI. Ár. Ritst. Einar Ól. Sveinsson. Reykjavík 1947. Bls. 185-210.*
- Einar H. Einarsson. „Mýrdalur.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1975. Reykjavík 1975. Bls. 11-124.*
- Frásögur um fornaldarleifar. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1983.*
- Gísli Gestsson. „Álnir og kvarðar.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1968. Reykjavík 1969. Bls. 45-78.*
- Gísli Gestsson. „Gröf í Öræfum.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1959. Reykjavík 1959. Bls. 5-87.*
- Gísli Gestsson. „Kúabót.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1986. Reykjavík 1987. Bls. 11-38.*
- Guðný Zoëga. *Keldudalur í Hegranesi. Fornleifarannsóknir 2002-2007. Smárit Bygðasafns Skagfirðinga X. 2008.*
- Guðrún Larsen, Magnús Tumi Guðmundsson og Olgeir Sigmarsson. „Katla.“ *Náttúruvá á Íslandi. Eldgos og jarðskjálftar. Aðalritstjóri Júlíus Sólmes. Eldgos, ritstjóri Freysteinn Sigmarsson. Jarðskjálftar, ritstjóri Bjarni Bessason. Viðlagatrygging Íslands - Háskólaútgáfan. Reykjavík 2013(b). Bls. 211-233.*
- Hjörleifur Stefánsson. *Af jörðu. Íslensk torfhús. Crymogea. Í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 2013.*
- Hörður Ágústsson. „Íslenski torfbærinn.“ *Íslensk þjóðmenning I. Uppruni og umhverfi.*

⁴ Hér eru allar heimildir sem komið hafa við sögu frá upphafi rannsókna.

- Ritst. Frosti Jóhannesson. *Bókaútgáfan Þjóðsaga*. Reykjavík 1987. Bls. 227-344.
Íslensk fornbréf sem hefir inni að halda bref og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. Gefin út af Hinu ísl. bókmenntafélagi. Annað bindi 1253-1350. Kaupmannahöfn 1893.
- Íslenskir annálar*. Annales Islandici AB anno christi 803 AD annum 1430. Sumptibus Legati Arnæ-Magnæani. Hafniæ 1847.
- Jón Steingrímsson. „Skýrslur um Skaptárgosin 1783.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*. Gefið út af Hinu ísl. bókmenntafélagi. Fjórða bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1907-1915. Bls. 1-73.
- Jón Þorkelsson. „Eyðibýli í Álptaveri ritað 12. Febr. 1918 eptir Stepháni Einarssyni. Með viðbæti um Bólhraun.“ *Blanda*. Fróðleikur gamall og nýr. Sögufélag gaf út. Band I. Reykjavík 1918-20. Bls. 218-225.
- Kristján Eldjárn. „Eyðibýggð á Hrunamannafrétti.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1943-48*. Reykjavík 1949. Bls. 1-43.
- Kristján Eldjárn. „Tvennar bæjarrústir frá seinni öldum. Viðauki eftir Sigurð Þórarinsson.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1949-50*. Reykjavík 1951. Bls. 102-119.
- Kristján Eldjárn. „Athugasemd um fornar tóftir á Lundi í Lundarreykjadal.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1964*. Reykjavík 1965. Bls. 102-110.
- Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson. *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ*. Skýrsla I. Rannsóknaruppgröftur sumarið 2002. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2002.
- Kristján Mímisson, Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarisdóttir. *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ*. Skýrsla III. Rannsóknaruppgröftur sumarið 2004. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2004.
- Kristján Mímisson, Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarisdóttir. *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ*. Skýrsla IV. Rannsóknaruppgröftur sumarið 2005. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2005.
- Lilja Árnadóttir. „Kúabót í Álftaveri II.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1986*. Reykjavík 1987. Bls. 39-46.
- Lilja Árnadóttir (b). „Kúabót í Álftaveri III.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1986*. Reykjavík 1987. Bls. 56-57.
- Lúðvík Kristjánsson. *Íslenskir sjávarhættir IV*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík 1985.
- Margrét Hermanns-Auðardóttir. *Íslands tidiga bosättning. Studier med utgångspunkt i merovingetida - vikingatida gårdslämningar i Herjólfssdalur, Vestmannaeyjar, Island*. Studia Archaeologica Universitatis Umensis 1. Umeå universitet. Arkeologiska institutionen. Reykjavík 1989.
- Morgunblaðið* „Rústir smábýla finnast ekki sist fyrir athyglisgáfu bænda.“ Fimmtudagur 25. mars 1993.
- Mjöll Snæsdóttir. „Jólgeirsstaðir.“ *Gersemar og þarfaping*. Úr 130 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands. Ritst. Árni Björnsson. Þjóðminjasafn Íslands - Hið ísl. bókmenntafélag. Reykjavík 1994. bls. 176-177.
- Lilja Árnadóttir. „Ekki er kyn þótt keraldíð leki...“ *Minjaping*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2020. Bls. 273–281.
- Náttúruvá á Íslandi. Eldgos og jarðskjálftar*. Aðalritst. Júlíus Sólnes. Viðlagatrygging Íslands - Háskólaútgáfan. Reykjavík 2013.
- Roussell, Aage. „Stöng.“ *Forntida gårdar i Island*. Meddelanden från den nordiska

- arkeologiska undersökningen i Island sommaren 1939. Red. M. Stenberger. Ejnar Munksgård. Köbenhavn 1943. Bls. 72-97.
- Sigurður Vigfússon. „Rannsókn í Borgarfirði 1884.“ *Árbók Hins isl. fornleifafélags 1884-85*. Bls. 61-138.
- Sigurður Þórarinnsson. „Katla og annáll Kötlugosa.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1975*. Reykjavík 1975. Bls. 125-149.
- Sveinn Pálsson. Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Snælandsútgáfan. Reykjavík 1945.
- Sýslulýsingar 1744-1749*. Sögufélag gaf út. Reykjavík 1957.
- Sýslu- og sóknarlýsingar*. Skaftafellssýsla. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 1997.
- Valtýr Guðmundsson. *Privatboligen på Island i sagatiden samt delvis i det øvrige Norden. Andr. Fred. Høst & søns forlag. Köbenhavn 1889*.
- Þorkell Grímsson. „Miðaldabyggð á Reyðarfelli.“ *Minjar og menntir*. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn 6. des. 1976. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík 1976. Bls. 565-575.
- Þorvaldur Thoroddsen. „Ferð um Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1893. *Andvari*. Tímarit Hins isl. Þjóðvinafélags. Nítjándi ár. Reykjavík 1894. Bls. 44-161.
- Þorvaldur Thoroddsen. *Landfræðisaga Íslands*. Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir, fyrr og síðar. Gefin út af Hinu isl. bókmenntafélagi II. Kaupmannahöfn 1898.
- Þorvaldur Þórðarson. Bréf með skýrslu dags 8.12.2019.
- Þór Magnússon. „Sögualdarbyggð í Hvítárholti.“ *Árbók Hins isl. fornleifafélags 1972*. Reykjavík 1973. Bls. 5-80.
- Þórður Tómasson. *Mjólk í mat*. Þættir um mjólkurstörf og mjólkurmat. Sæmundur. Selfossi 2016.
- Örnefnaskrá. Þykkvibær. Norðurhjáleiga-Þykkvabæjarklaustur-Hraungerði-Sauðhúsnes. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
- Af netinu:*
- Gissur Jóhannesson. „Álftaver.“ gissurjoh.blog.is/blog/gissurjoh/entry/1166568/ Sótt þann 25. mars 2013.
- Hansen, Gitte. Women's oldest Profession? Evidence from twelfth Century Bergen, Norway. <http://medieval-europe-paris-2007.univ-paris1.fr/G.Hansen.pdf>.
- Landmælingar Íslands. Kortasafn. Hjörleifshöfði-Þykkvibær (hluti af). www.lmi.is/kortasafn/. Sótt 28. mars 2013.

Tæknilegar upplýsingar*Rannsóknarstaður:*

Rústir á Mýrdalssandi, er kallaðar eru Arfabót í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu.
X 400 Y 500 = E 527383 N 330467.

